

Samherji hf.
Finnbogi Jónsson
Glerárgötu 30
600 Akureyri

2000090075
7300; 9310

Reykjavík, 29. nóvember 2000

Efni: Sjúkvíaeldi á laxi í Reyðarfirði. Ákvörðun um matsskyldu

Vísað er til erindis Samherja hf. dags. 19. september 2000 og viðbótargagna dags. 10. október 2000, þar sem óskað er eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um hvort fyrirhugað sjúkvíaeldi á laxi í Reyðarfirði, Fjarðabyggð skuli háð mati á umhverfisáhrifum sbr. 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og g-lið 1. tl. 2. viðauka sömu laga.

Skipulagsstofnun leitaði álits Fjarðabyggðar, dýralæknis fisksjúkdóma, Hafrannsóknastofnunarinnar, Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins og veiðimálastjóra. Þá var Veiðifélagi Hofsár og Veiðifélagi Breiðdælinga kynnt að framkvæmdin væri til ákvörðunar um matsskyldu hjá Skipulagsstofnun. Álit bárust frá Fjarðabyggð með bréfi dags. 24. október 2000, dýralækni fisksjúkdóma með bréfi dags. 7. nóvember 2000, Hafrannsóknastofnuninni með bréfi dags. 27. október 2000, Hollustuvernd ríkisins með bréfi dags. 1. nóvember 2000, Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 27. október 2000 og veiðimálastjóra með bréfum dags. 25. október og 6. nóvember 2000. Athugasemd barst frá Veiðifélagi Hofsár- og Sunnudalsár, Veiðifélagi Selár og Veiðifélagi Vesturdalsár með bréfi dags. 5. nóvember 2000. Frekari upplýsingar og svör við álitum og athugasemd bárust frá framkvæmdaraðila með bréfum dags. 13. og 22. nóvember 2000.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Í framlögðum gögnum Samherja hf. kemur fram að ráðgert er að framleiða um 6 þús. tonn af eldislaxi á ári af íslenskum laxastofni af norskum uppruna, sem notaður hafi verið í eldi hér á landi um nokkurt skeið. Smálarax til sleppingar í sjókvíar komi frá eldisstöð á Íslandi þar sem beitt er viðurkenndum aðferðum til sjúkdómsvarna. Fyrirhugað er að staðsetja eldiskvíar norðanvert í Reyðarfirði, frá Stóru-Breiðuvík inn að Hvammi. Sótt verði um starfsleyfi á þremur stöðum á því svæði, en gert sé ráð fyrir einum pramma eða kvíaþyrpingu á hverjum stað. Áætlanir geri ráð fyrir eldi á tveimur stöðum og því verði þriðja svæðið til vara ef hvíla þarf svæði eða til hugsanlegrar

stækkunar síðar. Áætlað er að prammar/kvíar verði staðsettir um 100-300 m frá landi (í viðbótargögnum segir 70-200 m) þar sem sjávardýpi er um 50 m. Í viðbótargögnum kemur fram að gert sé ráð fyrir heilsárseldi og að eldisfiskurinn verði í kvíunum allt árið.

Tvær gerðir eldispramma, eða kvía, komi til greina við eldið. Annars vegar prammi með 10 kvíum, 25 m x 25 m hver með 20 m djúpar nætur, en heildarstærð slíks pramma er u.þ.b. 50 m x 150 m og hins vegar átthyrndar kvíar sem eru helmingi umfangsminni. Báðar gerðir eru festar við hafsbótun með taugum. Verði fyrri gerð sjókvía fyrir valinu er gert ráð fyrir að fódurgeymslur verði um borð í prammanum og sjálfvirkur fódrunarbúnaður, en síðari gerðin kallar á fódrun úr báti og fódurgeymslu í landi. Slátrun mun fara fram í fiskvinnsluhúsi á Eskifirði eða á Reyðarfirði.

Að mati framkvæmdaraðila mun framkvæmdin ekki hafa í för með sér losun úrgangs í loft eða í jarðveg umfram það sem gerist við bræðslu sláturúrgangs í fiskimjölsverksmiðju og eftir förgun óendurnýtanlegs úrgangs á viðurkenndum móttökustað. Úrgangslosun í sjó verði lífrænn úrgangur frá eldisfiski og fódurleifar sem geti valdið staðbundinni mengun undir eldiskvíunum, ef úrgangurinn safnast þar saman í miklum mæli og e.t.v. í næsta nágrenni. Þá kemur fram að það sé hagur framkvæmdaraðila að halda þessari mengun í lágmarki og verði kvíunum því komið fyrir úti á allnokkru dýpi þar sem straumar séu nægilega sterkir til að halda henni í lágmarki. Þá muni framkvæmdaraðili taka botnsýni undir kvíunum til að fylgjast með uppsöfnun þessa úrgangs og taka sýni af eldisfiski. Kvíarnar verði fluttar til ef ástæða þyki til svo að dreifa megi álagi á umhverfið.

Fram kemur í viðbótargögnum að framkvæmdaraðili telji framkvæmdasvæðið flokkast sem síður viðkvæmt svæði samkvæmt skilgreiningu í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Þá gerir framkvæmdaraðili lauslega grein fyrir lífríki fjarðarins auk þess sem upplýst er um næstu laxveiðiár og lýst mati framkvæmdaraðila á hættu á áhrifum laxeldisins á laxastofna í þeim, en hvorugt þessara atriða telur framkvæmdaraðili leiða til þess að um matsskylda framkvæmd sé að ræða. Fram kemur að ekki liggi fyrir upplýsingar um sjávarstrauma í Reyðarfirði.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA

Almennt

Bæjarráð Fjarðabyggðar telur í umsögn sinni að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum og vísar til fyrri ákvarðana um matsskyldu sjókvíaeldis í Mjóafirði og Berufirði.

Náttúruvernd ríkisins vísar í umsögn sinni til 3. viðauka með lögum um mat á umhverfisáhrifum og telur geta þurft að skoða stærð og umfang framkvæmdarinnar, sammögnunaráhrif með öðru sjókvíaeldi, núverandi nýtingu á íslenskum laxi og hugsanlega sjúkdóma og blöndun, úrgangsmýndun, mengun og ónæði og staðsetningu framkvæmdarinnar með tilliti til álagsþols náttúrunnar, þá einkum strandsvæða og kjörlenda laxins. Náttúruvernd ríkisins ítrekar fyrra álit sitt um að meta eigi umhverfisáhrif þess að nota erlenda laxastofna í fiskeldi á Íslandi og vísar til rökstuðnings þar um í umsögnum stofnunarinnar um matsskyldu sjókvíaeldis í

Mjóafirði og Berufirði dags. 21. júlí, 9. ágúst og 25. september (umsögn Náttúruverndar 25. sept. fylgdi álit Veiðimálastofnunar dags. 14. sept.). Skiptar skoðanir séu um afleiðingar þess að nota norskan lax og best verði tekið á því máli með því að leggja öll gögn fram í mati á umhverfisáhrifum. Náttúruvernd ríkisins vekur athygli á því að heildarstefnu um sjókvíaeldi með erlendum stofnum vanti. Í ljósi umfangs þessa máls, bæði á staðarvísu og landsvísu og vegna óska um að nota erlenda laxastofna fari Náttúruvernd ríkisins fram á að metin verði umhverfisáhrif framkvæmdarinnar.

Í fyrri umsögn Náttúruverndar ríkisins til Skipulagsstofnunar dags. 9. ágúst sl., sem vitnað er til í umsögn stofnunarinnar nú, kemur m.a. fram að stofnunin telji að á meðan ekki liggi fyrir neinar ákvarðanir um heppilegt staðarval né niðurstöður um hvað þurfi að skoða varðandi samspil villtrar náttúru og fiskeldis sé eina ásættanlega lausnin að fram fari mat á umhverfisáhrifum. Mat á umhverfisáhrifum sé sá vettvangur þar sem tryggt sé að allir hagsmunaaðilar, fagaðilar og aðrir fái tækifæri til að gefa umsögn um viðkomandi mál.

Sjúkdómstengd áhrif

Í umsögn dýralæknis fisksjúkdóma er vísað til erlendra rannsókna um samspil sjúkdóma milli eldislax og villtra lax- og silungastofna og skýrt frá að menn séu í stórum dráttum sammála um hvaða sjúkdómar komi helst við sögu og hvaða áhrif slíkir smitsjúkdómar hafi á fiska í villtu umhverfi. Ennfremur segir að þessar niðurstöður megi í öllum höfuðatriðum heimfæra á íslenskt sjókvíaeldi. Helsti munurinn sé að umhverfið sé kaldara en víðast gerist og að þessi munur komi okkur í flestum tilfellum til tekna þar sem sjúkdómavaldar eigi í flestum tilfellum erfiðara með tímgun eftir því sem vatnshiti sé lægri. Dýralæknir fisksjúkdóma vísar í þessu sambandi til tilraunaeldis sem fram fer við Vogastapa í Stakksfirði. Ennfremur kemur fram að stærsta „breytan“ varðandi fisksjúkdóma sé þéttleiki fisksins í kvíunum og umfang eldis á sama stað og að til þess að lágmarka smitálag sé brýnt að stjórnvöld setji skynsamleg stærðarmörk á rekstrarleyfi. Út frá sjónarmiði smitsjúkdóma sé ekki ráðlegt að ala meira en 4 þús. tonn af laxfiskum á sama stað. Niðurstaða dýralæknis fisksjúkdóma er að út frá þáttum sem snúa að fisksjúkdómum sé ekki þörf á mati á umhverfisáhrifum. Vísar hann til væntanlegra niðurstaðna þeirrar tilraunar sem fram fer í Stakksfirði og rannsóknargagna nágrannalanda okkar.

Í umsögn Hollustuverndar ríkisins er vísað til umfjöllunar um starfsleyfi fyrir fiskeldi í Eyjafirði þar sem fram hafi komið að áhyggjur manna af umhverfisáhrifum hafi m.a. einkum beinst að mengun vegna notkunar lyfja og varnarefna.

Í umsögn Náttúruverndar ríkisins er bent á að í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila sé ekki fjallað um lyfjanotkun.

Í fyrri umsögn Náttúruverndar ríkisins til Skipulagsstofnunar dags. 25. september sl., sem vitnað er til í umsögn stofnunarinnar nú, kemur m.a. fram að stofnunin telji að skoða verði allar hliðar á áhrifum sjókvíaeldis vel, þ.á.m. sérstaklega þá hættu sem stafi af hugsanlegri útbreiðslu sjúkdóma.

Í umsögn veiðimálastjóra er bent á að við sjókvíaeldi séu spurningar um hugsanleg

sjúkdómstengd áhrif flökkufiska á lífríki í ám mun umdeildari heldur en þau atriði sem varði mengandi þætti eldisins, þ.e. staðbundna mengun lífrænna efna og úrgangsefna frá fiskeldiskvíum. Þetta sé ólíkt því sem gerist við fiskeldi í landstöðvum.

Veiðimálastjóri bendir einnig á að þessi áhrif séu ekki aðeins lítt þekkt, heldur mjög umdeild, og kalli því á vandaða málsmeðferð. Niðurstaða veiðimálastjóra er að það sé mjög brýnt að fram fari mat á umhverfisáhrifum á fyrirhuguðu sjókvíaeldi sem taki til sjúkdómstengdra áhrifa á veiðiár, bæði í næsta nágrenni og einnig á næstu laxveiðisvæðum í Breiðdal og Vopnafirði.

Veiðimálastjóri fullyrðir í viðbótarumsögn sinni að ekkert liggi fyrir um far eða hugsanlegar heimtur eldislaxa sem sleppi úr kvíum á Austfjörðum, en það hafi grundvallarþýðingu varðandi sjúkdómstengd áhrif á náttúrulega stofna. Að álitum veiðimálastjóra fái stjórnun spurningum eingöngu svarað með vöktunarrannsóknunum, en að mat á umhverfisáhrifum geti gengt því hlutverki að taka saman grunnupplýsingar erlendis frá, tryggja betri frið um starfsemina og tryggja að sjónarmið fisksjúkdómaaðila séu tekin til greina, en þeir hafi verulegar áhyggjur af umfangsmiklu fiskeldi.

Í umsögn Veiðimálastofnunar til Náttúruverndar ríkisins dags. 14. september sl., sem fylgdi umsögn Náttúruverndar dags. 25. september, kemur fram að það sé ljóst að sjúkdómar séu viðvarandi vandamál í öllu fiskeldi. Smitmögnun geti átt sér stað þar sem mikill lífmassi af fiski er til staðar eins og í fiskeldi og geti þaðan borist í nálæg vistkerfi. Notkun efna og lyfja í eldinu geti einnig verið varasöm villtum lífverum í kring.

Í svörum framkvæmdaraðila við umsögnum er bent á fjarlægð til næstu laxveiðiár varðandi sjúkdóma. Breiðdalsá sé næsta laxveiðiá, en fiskeldið í Reyðarfirði sé í tvöfalt meiri fjarlægð frá henni en fyrirhugað fiskeldi í Berufirði.

Áhrif af völdum sníkjudýra

Í umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar kemur fram að oft hafi gengið illa að hafa hemil á laxalús í kvíaeldi. Lítilsháttar sjóbleikjuveiði sé í ánum sem renni í Reyðarfjörð og Eskifjörð og í nærliggjandi fjörðum. Að mati stofnunarinnar væri æskilegt að fylgjast með tíðni laxalúsar í kvíum og villtum bleikjustofnum í Reyðarfirði bæði fyrir og eftir að starfsemi hefst.

Í fyrri umsögn Náttúruverndar ríkisins til Skipulagsstofnunar dags. 25. september sl., sem vitnað er til í umsögn stofnunarinnar nú, kemur m.a. fram að stofnunin telji að skoða verði allar hliðar á áhrifum sjókvíaeldis vel, þ.á.m. sérstaklega þá hættu sem stafi af hugsanlegri útbreiðslu sníkjudýra.

Í umsögn Veiðimálastofnunar til Náttúruverndar ríkisins dags. 14. september sl., sem fylgdi umsögn Náttúruverndar dags. 25. september, kemur fram að dæmi séu um erlendis að sníkjudýr hafi breiðst út með fiskeldi og valdið skaða á laxastofnum. Mögulegt sé að sjóbleikja á Austfjörðum geti orðið fyrir áföllum af mögnun fiskilúsar, en laxalúsinn sjálf þrífist ekki á sjóbleikju. Náttúruleg gönguseiði laxa á leið til sjávar sem fara þurfi um kvísvæði geti orðið fyrir meira lúsasmiti en ella hefði verið. Sýnt hefur verið fram á að mikið smit lúsa leiði seiði til dauða.

Erfðafræðileg áhrif

Í umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar er bent á að ef nætur í kvíum rifni sleppi lax af norskum uppruna út í sjóinn og líklegt sé að hann leiti upp í nærliggjandi ár til að hrygna. Næsta laxveiðiá sé Breiðdalsá, í um 40 km fjarlægð. Vegna fjarlægðar frá laxveiðiám séu litlar líkur á erfðablöndun. Í umsögninni er vakin athygli á nauðsyn þess að gerð verði heildstæð úttekt og stefna mörkuð varðandi kvíaeldi í fjörðum landsins, þar sem sérstaklega verði tekið tillit til hugsanlegrar erfðablöndunar eldislax við villtan lax.

Í umsögn Hollustuverndar ríkisins er vísað til umfjöllunar um starfsleyfi fyrir fiskeldi í Eyjafirði þar sem fram hafi komið að áhyggjur manna af umhverfisáhrifum hafi m.a. einkum beinst að blöndun eldisstofna og villtra stofna.

Í fyrri umsögn Náttúruverndar ríkisins til Skipulagsstofnunar dags. 25. september sl., sem vitnað er til í umsögn stofnunarinnar nú, kemur m.a. fram að stofnunin telji að skoða verði allar hliðar á áhrifum sjókvíaeldis vel, þ.á.m. sérstaklega erfðamengun á villtum laxi.

Í umsögn veiðimálastjóra er bent á að við sjókvíaeldi séu spurningar um hugsanleg erfðafræðileg áhrif flökkufiska á lífríki í ám mun umdeildari heldur en þau atriði sem varði mengandi þætti eldisins, sbr. ályktun veiðimálastjóra að framan um sjúkdómstengd áhrif.

Veiðimálastjóri fullyrðir í viðbótarumsögn sinni að ekkert liggi fyrir um far eða hugsanlegar heimtur eldislaxa sem sleppi úr kvíum á Austfjörðum, en það hafi grundvallarþýðingu varðandi erfðafræðileg áhrif á náttúrulega stofna, sbr. ályktun veiðimálastjóra að framan um sjúkdómstengd áhrif.

Í umsögn Veiðimálastofnunar til Náttúruverndar ríkisins dags. 14. september sl., sem fylgdi umsögn Náttúruverndar dags. 25. september, kemur fram að sýnt hafi verið fram á að flestar laxveiðiár á Íslandi séu með sérstaka laxastofna sem séu erfðafræðilega ólíkir öðrum laxastofnum. Einnig hafi verið sýnt fram á að sá norsk laxastofn sem hér hafi verið notaður í strandeldisstöðvum sé erfðafræðilega mjög ólíkur íslenskum villtum stofnum í ánum. Einnig kemur fram að í kvíaeldi á laxi sé mjög hætt við því að lax nái að sleppa úr haldi í einhverjum mæli. Líklegt sé að laxar nái að sleppa úr haldi nú sem fyrr þó búnaður sé betri en áður. Fram kemur að enginn geti séð fyrir áhrif af hugsanlegri erfðablöndun frá norskum laxi á íslenska laxastofna en að áhrifin séu m.a. háð umfangi fyrirhugaðrar eldisstarfsemi. Líklega gangi um 60-100 þús. laxar árlega í íslenskar ár. Reynsla Norðmanna sýni að 2-5% sleppi, sem þýði að eldi þurfi ekki að vera mjög stórt í sniðum til að vera stórt samanborið við stærð allra laxastofna sem náttúra Íslands fósstrar. Þá sé ekki gert ráð fyrir stórslysum sem geti orðið þegar margar eða stórar kvíar opnast í einu. Bent er á að notkun geldstofna í eldi kæmi í veg fyrir hættu á erfðamengun. Slíkir stofnar séu notaðir í silungselði víða um heim en lítið í laxeldi, en að þá lausn ætti að kanna af fullri alvöru. Í umsögninni er fullyrt að stórfellt laxeldi í kvíum geti teft náttúrulegum laxastofnum í tvísýnu. Stór spurning í þessu sambandi sé hvenær kynþroska er náð hjá norskum eldislaxi í kvíum við íslenskar aðstæður. Um þetta atriði liggi ekki fyrir

upplýsingar. Einnig skipti máli hvort gönguseiði verði notuð til heilsárseldis eða nýta eigi sumartímamann til eldis stærri lax. Heilsárseldi þýði meiri hættu á að lax sleppi. Ef lax sleppi á gönguseiðastigi eða stuttu síðar séu einnig miklar líkur til að hann komi aftur til hrygningar. Þannig sé skiptiöldi mun hættuminni kostur. veiðimálastofnun bendir á að laxafjöldi í sjókvíældinu sé mikill, lax komist langar vegalengdir á skömmum tíma og að ekki sé hægt að segja fyrir um hvert fiskur sem sleppur leitar og um áhrif hans þar.

Í svörum framkvæmdaraðila við umsögnum er bent á fjarlægð til næstu laxveiðiár varðandi erfðamengun. Breiðdalsá sé næsta laxveiðiá, en fiskeldið í Reyðarfirði sé í tvöfalt meiri fjarlægð frá henni en fyrirhugað fiskeldi í Berufirði. Þá kemur fram að með vísan til rannsókna í Noregi á áhrifum eldislax á villtan lax og miðað við þann búnað sem fánlegur er í dag telji framkvæmdaraðili hverfandi líkur á erfðablöndun.

Vistfræðileg áhrif

Í fyrri umsögn Náttúruverndar ríkisins til Skipulagsstofnunar dags. 25. september sl., sem vitnað er til í umsögn stofnunarinnar nú, er vísað til markmiða náttúruverndarlaga um þróun náttúrunnar í anda sjálfbærrar þróunar. Bent er á að áætlað sé að um 2-5% laxa sleppi úr kvíum. Sjókvíældi geti ógnað líffræðilegri fjölbreytni villtra laxastofna á Íslandi og komið í veg fyrir þróun laxastofna eftir lögmálum náttúrunnar.

Í umsögn veiðimálastjóra er bent á að við sjókvíældi séu spurningar um hugsanleg vistfræðileg áhrif flökkufiska á lífríki í ám mun umdeildari heldur en þau atriði sem varði mengandi þætti eldisins, sbr. ályktun veiðimálastjóra að framan um sjúkdómstengd áhrif.

Í umsögn Veiðimálastofnunar til Náttúruverndar ríkisins dags. 14. september sl., sem fylgdi umsögn Náttúruverndar dags. 25. september, er bent á að ef lax nái að sleppa úr sjókvíum í stórum stíl geti stofnar afræningja laxa stækkað við nýjar aðstæður og gengið nærri villtum laxastofnum. Vistfræðileg áhrif geti einnig orðið vegna samkeppni fisks sem sleppi við náttúrulega stofna um fæði og svæði í sjónum og í ánum. Í umsögninni er því lýst yfir að varúðarsjónarmið hljóti að vega mjög þungt vegna starfsemi sem skaðað getur þau verðmæti sem falin eru í fjölbreytileika íslenskra laxastofna.

Mengun frá lífrænum úrgangi og áhrif á lífríki Reyðarfjarðar

Í umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar er bent á að við framleiðslu á 6 þús. tonnum af laxi á ári fari töluvert magn af lífrænum úrgangi út í umhverfið, sem fóðurleifar, saur og þvag. Þessi auðgun gæti valdið breytingum á tegundasamsetningu gróðurs og smádyralífs í nágrenni kvía. Miðað við staðsetningu kvía og staðhætti og strauma í Reyðarfirði telur stofnunin litlar líkur á víðtækum mengunaráhrifum í Reyðarfirði og ekki líklegt að rotnandi fóðurleifar og saur muni valda súrefnisskortum í vatnsmassanum.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar kemur fram að það sé mat stofnunarinnar að ekki sé líklegt að laxeldi í Reyðarfirði muni skaða villta nytjastofna í sjó. Það er ennfremur niðurstaða Hafrannsóknastofnunarinnar að lífríki Reyðarfjarðar virðist ekki stafa mikil hætta af starfseminni og því sé ekki ástæða til að hún fari í mat á

umhverfisáhrifum.

Í umsögn Hollustuverndar ríkisins kemur fram að stofnunin telji mestar líkur á því að skilgreina megi svæðið sem síður viðkvæmt í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólþ. Ennfremur að ef upp komi staðbundin vandamál vegna næringarsalta og lífræns úrgangs eigi að vera hægt að færa kvíar um set og því sé jafnan ekki um óafturkræf áhrif að ræða. Hollustuvernd hafi ekki gert kröfur um að fram fari mat á umhverfisáhrifum kvíaeldis á svæðum sem skilgreina megi sem síður viðkvæm. Hinsvegar þurfi að skoða málið nánar þegar framkvæmdin kunni að rekast á hagsmuni sambærilegrar starfsemi eða annarrar mengandi starfsemi.

Hollustuvernd ríkisins vísar til umfjöllunar um starfsleyfi fyrir fiskeldi í Eyjafirði þar sem fram hafi komið að áhyggjur manna af umhverfisáhrifum hafi m.a. einkum beinst að næringarefnamengun vegna umfangs starfseminnar.

Áhrif á aðra landnotkun

Í umsögn Hollustuverndar ríkisins er tekið fram að atriði sem varði beint starfsvið stofnunarinnar séu úrgangsmýndun, mengun og ónæði og minnir á að hún sé starfsleyfisveitandi vegna starfseminnar. Hollustuvernd vekur athygli á því að stofnunin þurfi að hafa upplýsingar varðandi gagnkvæm áhrif við nálæga starfsemi þegar komi að starfsleyfisvinnslu. Nálæg starfsemi sem stofnuninni sé kunnugt um séu fyrirhugaðar stóriðjuframkvæmdir og annað fiskeldi í Eskifirði og Reyðarfirði. Hollustuvernd telur eðlilegt að Samherji hf. leggi fram gögn sem sýni að staðsetning stöðvarinnar hafi ekki áhrif á eða leggi takmarkandi byrðar á aðrar fyrirhugaðar framkvæmdir á svæðinu sem taka þurfi tillit til við gerð starfsleyfis. Hollustuvernd vísar því til Samherja hf. að fjalla um þessa þætti á þann hátt sem Skipulagsstofnun þyki fullnægjandi svo hagsmuna annarra sé gætt og einnig til þess að skipulagsleg niðurstaða fái um þessi atriði áður en til starfsleyfisvinnslu kemur. Einnig vísar Hollustuvernd til umfjöllunar um starfsleyfi fyrir fiskeldi í Eyjafirði þar sem fram hafi komið að áhyggjur manna af umhverfisáhrifum hafi m.a. einkum beinst að dreifingu sjúkdóma í nálæga starfsemi.

Í fyrri umsögn Náttúruverndar ríkisins til Skipulagsstofnunar dags. 25. september sl., sem vitnað er til í umsögn stofnunarinnar nú, er talið að sjókvíaeldi geti ógnað þeirri nýtingu sem nú er á villtum laxastofnum.

Í umsögn Veiðimálastofnunar til Náttúruverndar ríkisins dags. 14. september sl., sem fylgdi umsögn Náttúruverndar dags. 25. september, er því lýst yfir að þar sem lax- og silungsveiðar séu mjög verðmæt auðlind bæði í fjármunum og sem hluti af stórbrotinni íslenskri náttúru hljóti varúðarsjónarmið að vega mjög þungt vegna starfsemi sem skaðað getur slíka hagsmuni.

Sammögnuð áhrif

Í umsögn Náttúruverndar ríkisins kemur fram að stofnunin telji að út frá úrgangsmýndun og þess fjölda fiska sem muni sleppa sé alveg ljóst að ekki sé hægt að skoða hvert mál út af fyrir sig lengur, heldur verði að skoða sjókvíaeldi í heild með tilliti til efna- og „erfðamengunar“, dreifingar sjúkdóma og sníkjudýra.

Í umsögn veiðimálastjóra er bent á að uppsöfnuð heildarframleiðsla á laxi á ákveðnu landsvæði geti skipt mun meira máli varðandi vistfræðilega og sjúkdómstengda þætti heldur en framleiðsla á einum stað og að út frá því sjónarmiði sé í raun ekki hægt að veita starfs- eða rekstrarleyfi til eldisstöðva nema taka tillit til fjölda eldisstöðva og þess framleiðslumagns sem fyrir er. Veiðimálastjóri lýsir því ennfremur yfir að miðað við núverandi þekkingu sé sennilegt að fyrirhugað sjókvíaeldi í Mjóafirði og Berufirði sé langt umfram burðargetu svæðisins með tilliti til vistfræðilegra og sjúkdómstengdra þátta og að svæðið muni ekki þola þá viðbót sem sótt er um í Reyðarfirði.

Veiðimálastjóri vísar til þess að hann hafi ítrekað lagt til að gera þurfi stefnumótandi umhverfismat fyrir sjókvíaeldi í landinu sem taki til mögulegra staðsetninga, magns og eldisaðferða. Í viðbótaráliti veiðimálastjóra er síðan ítrekað að út frá varúðarsjónarmiðum telji hann heppilegra að mat á umhverfisáhrifum m.t.t. áreitis í veiðiám væri gert út frá heildarframleiðslu sem heimiluð yrði í þessum landshluta.

Í athugasemd Veiðifélaga Hofsár- og Sunnudalsár, Selár og Vesturdalsár er vísað til álits veiðimálastjóra og talið nauðsynlegt að fram fari mat á umhverfisáhrifum. Ekki hafi fram til þessa verið tekið nægilegt tillit til þess hversu áhrif frá sjókvíaeldi geti náð langt út frá kvíunum sjálfum. Bent er á að kynþroska lax hljóti að leita í ferskvatn til hrygningar. Allir séu sammála um að miðað við þann fjölda fiska sem fyrirhugað sé að hafa í Mjóafirði og Berufirði gætu nokkrir tugir þúsunda laxa af norskum uppruna verið á sveimi við strendur landsins fljótlega eftir að full starfsemi er hafin. Einnig megi benda á að fjarlægðir séu afstæðar þegar um lifandi lax sé að ræða og erfitt að gera sér grein fyrir hvar hann muni leita hrygningarstöðva.

Í svörum framkvæmdaraðila við umsögnum kemur fram að ekki sé hægt að fallast á að hægt sé að líta á svæðið frá Mjóafirði til Berufjarðar sem eina einingu í burðargetu með tilliti til vistfræðilegra og sjúkdómstengdra þátta. Fyrir utan firðina sé úthaf án hindrana.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Samherji hf. hefur tilkynnt til ákvörðunar um matsskyldu fyrirhugað sjókvíaeldi í Reyðarfirði samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Um er að ræða eldi á um 6 þús. tonnum af eldisfiski á ári og fellur framkvæmdin undir lið 1. g. í 2. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum.

Við umfjöllun málsins hafa komið fram rökstuddar ábendingar um að stærð, umfang og eðli fyrirhugaðs sjókvíaeldis í Reyðarfirði og hugsanleg sammögnunaráhrif þess með öðru áformuðu sjókvíaeldi á Austfjörðum kalli á að gerð sé ítarleg grein fyrir mögulegri hættu á erfðamengun, áhrifum á vistkerfi og nýtingu laxastofna og áhrifum af völdum sjúkdóma og sníkjudýra frá starfseminni í ljósi erlendrar og innlendrar reynslu og aðstæðna á svæðinu.

Einnig hefur verið bent á að gera þurfi grein fyrir hvort og þá hvernig samspil þessarar framkvæmdar og starfsemi verði við aðra áformaða landnotkun, s.s. byggð, iðnrekstur og fiskeldi, í Reyðarfirði og Eskifirði. Þar er vísað til þess hvort framkvæmdin setji annarri starfsemi á svæðinu takmarkanir, s.s. vegna sjúkdóma eða úrgangsmýndunar, og eins hvort um geti verið að ræða sammögnuð áhrif ólíkra framkvæmda á svæðinu.

Fram hefur komið að innlend reynsla af dreifingu sjúkdóma frá sjókvíaeldi sé takmörkuð og hefur þar verið vísað til tilraunaeldis sem er nýhafið í Stakksfirði og fyrirhugað er að standi yfir næstu 2 ár. Einnig hefur komið fram að ekkert liggi fyrir um far eða hugsanlegar heimtur eldislaxa sem sleppi úr kvíum á Austfjörðum, en það hafi grundvallarþýðingu varðandi hættu á erfðafræðilegum og sjúkdómstengdum áhrifum á náttúrulega stofna. Einnig að áhrif af hugsanlegri erfðablöndun séu háð umfangi eldisstarfsemi sem og að ekki sé hægt að segja fyrir um hvert fiskur sem sleppi leiti og um áhrif hans þar. Veiðimálastjóri hefur lýst þeirri skoðun að þessum spurningum fáiist eingöngu svarað með vöktunarrannsóknnum, en við mat á umhverfisáhrifum sé unnt að taka saman grunnupplýsingar erlendis frá, tryggja betri frið um starfsemina og tryggja að sjónarmið aðila séu tekin til greina.

Bent hefur verið á að þar sem ekki liggi fyrir heildstæð úttekt og stefnumörkun af hálfu stjórnvalda um sjókvíaeldi, þar sem m.a. sé tekin afstaða til staðarvals og tekið tillit til hugsanlegrar erfðablöndunar, sé brýnt að einstakar framkvæmdir við sjókvíaeldi fari í mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun tekur undir það sem fram hefur komið um að varúðarsjónarmið hljóti að vega þungt þegar svo mörg stór álitamál eru uppi um áhrif framkvæmdar á umhverfið.

Mati á umhverfisáhrifum er meðal annars ætlað að tryggja að þar sem líkur eru taldar á að framkvæmd geti haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif séu tekin saman gögn um fyrirhugaða framkvæmd, framkvæmdasvæði og áhrifasvæði framkvæmdar og lýst væntanlegum umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar með samanburði kostna og/eða umfjöllun um sammögnuð áhrif þegar við á. Mati á umhverfisáhrifum er einnig ætlað að tryggja fullnægjandi kynningu og samráð við undirbúning ákvarðana um framkvæmdir sem kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Mati á umhverfisáhrifum er síðan ætlað að leiða í ljós þær forsendur og skilyrði sem leyfi til framkvæmda þurfa að byggja á svo tryggja megi að framkvæmdir muni ekki hafa í för með sér umtalsverð neikvæð umhverfisáhrif.

Varðandi skipulagslegar ákvarðanir og skipulagslega málsmeðferð fyrirhugaðs sjókvíaeldis vekur Skipulagsstofnun athygli á því að þar sem framkvæmdin er fyrirhuguð utan netlaga er hún hvorki háð skipulagsákvörðunum samkvæmt skipulags- og byggingarlögum né framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar, sbr. erindi félagsmálaráðuneytis til umhverfisráðuneytis dags. 19. október 2000. Sveitarstjórn getur því ekki tekið á ásýnd framkvæmdarinnar eða samspili hennar við aðra landnotkun á svæðinu í skipulagsáætlun eða framkvæmdaleyfi, né heldur er þá tryggð opinber kynning á framkvæmdaáformunum samkvæmt skipulags- og byggingarlögum.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila um fyrirhugað sjókvíaeldi á laxi í Reyðarfirði. Á grundvelli gagna framkvæmdaraðila og þeim umsögnum og athugasemdum sem Skipulagsstofnun hafa borist við afgreiðslu málsins er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum vegna eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika

hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar. Með vísan til 3. viðauka með lögum um mat á umhverfisáhrifum varðar það sérstaklega stærð og umfang framkvæmdarinnar, sammögnunaráhrif hennar með öðrum framkvæmdum, úrgangsmýndun, slyshættu ef kvíar rifna, áhrif á aðra landnotkun, áhrif á kjörlendi laxa, umfang umhverfisáhrifa, fjölbreytileika áhrifa, tímalengd og óafturkræfi áhrifa og sammögnun áhrifa á tilteknu svæði.

Samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 29. desember 2000.

Stefán Thors

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir